



## Stjórnarfundur 1 þriðjudaginn 20. mars 2018 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, , Andri Hnikarr Jónsson, ,, Árni Jón Eggertsson, Svandís Þorsteinsdóttir  
*Afboð og mættu ekki:*, Kristín Hálfánardóttir og Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Steinn Einarsson

### Dagskrá

- Verkaskipting stjórnar
- Nefndarskipan
- Siðareglur
- Úrvinnsla frá ársþingi
- Kjörísbikarinn
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Verkaskipting stjórnar

- Verkaskiptingin verður óbreytt frá fyrra ári. Varaformaður, Stefán, gjaldkeri Árni Jón, ritari Kristín Harpa, meðstjórnendur Hnikarr og Sigurbjörn Árni, Svandís Þorsteinsdóttir og Steinn Guðni Einarsson varamenn.

#### Nefndarskipan

- Nokkur umræða var um hlutverk nefnda og það þyrfti að formgera hlutverk þeirra betur og að þeim væri öllum stýrt frá skrifstofunni. Það var talið jákvætt að nefndarmenn gætu hist stöku sinnum á fundum auk samskipta með aðstoð samfélagsmiðla.

#### Siðareglur

- Frumdrög af siðareglum fyrir sambandið voru lögð fram til kynningar. Í umræðum um það kom m.a fram að huga þyrfti að vinnulagi ef fram koma ábendingar um áreiti. Einnig þurfa allir þeir sem starfa á vegum BLÍ s.s. stjórnarmenn, þjálfarar og dómara að undirrita að þeir hafi kynnt sér viðkomandi siðareglur.
- Árni Jón bauðst til þess að vinna málið áfram. Að öðru leyti var litið til forystu ÍSÍ í þessum málaflokki.

#### Úrvinnsla frá ársþingi

- Rætt var um að fara yfir allar reglugerðir og gera þær aðgengilegar á heimasíðunni. Endurskoðun á deildarkeppni í 2.- 7. deildum heldur áfram.

#### Kjörísbikarinn

- Lauslegt uppgjör keppinnar gerir ráð fyrir örlitlum hagnaði. Almenn ánægja var með það að halda úrslitahelgina í Digranesi svo og með að hafa úrslit í 3. og 4. flokkum samhliða.

#### Önnur mál

- Rætt var um skráningarkerfi mtt. innheimtu iðkendagjalda.
- 50 manna hópur er að fara til keppni á Ítalíu um páskana.
- Gefa þarf út æfingaáætlun A landsliðanna sem fyrst. Fyrirhugaðar eru viðræður við Kópavogsbæ í sambandi við aðstöðu til blakkeppni í Digranesi í framtíðinni. Að lokum var talað um að forsvarsmenn BLÍ funduðu með forsvarsmönnum Stjórnunnar til þess að ræða framtíð blaks hjá félaginu.
- Fleira var ekki rætt á fundinum.